ORKUSTOFNUN

# Jarðhitaleit í Hólsgerði

**Ólafur G. Flóvenz**

**Greinargerð ÓGF-92/09**

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

1992-9-21

Greinargerð
ÓGF-92/09

# Jarðhitaleit í Hólsgerði

Nú er lokið borun 8 rannsóknarhola á jarðhitasvæðinu í Hólsgerði. Leitin miðaðist við að finna nýtanlegt heitt vatn til húshitunar og annarra nota fyrir bæi í fremsta hluta Eyjafjarðarsveitar. Áður en leitin hófst var heit laug við Hólsgerði sem gaf svolítið af 46°C vatni. Jarðhitaleitin hefur þegar borið ágætan árangur. Viðnámsmælingar og borun 5 rannsóknarhola leiddu til þess að fundist hefur 63°C heitt vatn á litlu dýpi, sem gæti nægt næstu bæjum til hitunar. Nú er stefnt að því að bora dýpra þar sem að öllum líkindum fæst nóg af heitu vatni í áformaða hitaveitu.

Frá því leitin bar árangur hafa verið boraðar 3 grunnar holur til undirbúnings staðsetningu djúprar holu, sem verður væntanlega vinnsluhola ef ekkert óvænt og ófyrirséð kemur í ljós við borun hennar.

Ólafur G. Flóvenz